



Fundargerð

Aðalfundur SSH 2019

43. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 15. nóvember 2019 í Turninum í Firði í Hafnarfirði og hófst fundurinn kl. 14:30.

1. Ávarp gestgjafa og setning

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðabæjar og formaður stjórnar SSH, setti fund og bauð gesti velkomna. Hún stýrði kjöri fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri var kjörinn Kristinn Andersen, forseti bærarstjórnar Hafnarfjarðabæjar.

Fundarritari var kjörinn Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður Hafnarfjarðabæjar.

2. Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum SSH

2.1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.

Rósa Guðbjartsdóttir formaður SSH flutti skýrslu stjórnar um liðið starfsár. Ársskýrsla SSH lá fyrir í fundargögnum.

2.2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár lagðir fram

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2018.

Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrareikningur:

Rekstartekjur kr. 46.482.181

Rekstargjöld kr. 43.257.806

Fjármunatekjur/gjöld kr. 561.867

Afkoma ársins kr. 3.786.242

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 40.437.452

Eigið fé kr. 19.837.010

Skammtímaskuldir kr. 20.600.444

Eigið fé og kuldir samtals kr. 40.437.452

3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 lá fyrir í gögnum fundar.

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH fór yfir og skýrði tillögur stjórnar SSH að starfsáætlun samtakanna fyrir árið 2020. Helsta verkefni næsta árs er að efla starfsemi SSH með áherslu á öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Verkefni samgöngusáttmálans verða umfangsmikil á árinu 2020 á vettvangi stjórnar SSH, ásamt áframhaldandi utanumhaldi svæðisskipulags sveitarfélaganna. Þá er unnið er að gerð nýrrar Sóknaráætlunar fyrir árin 2020-2024 sem tekur gildi 1. janúar 2020.



Fyrirliggjandi er áframhaldandi utanumhald og stuðningur við byggðasamlögin skv. eigendastefnu Strætó bs og Sorpu bs. Þá verði hafin umræða og stofnað til verkefnis um stjórnarsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi verði fengin til að vinna að tillögum í samráði við sveitarfélögin er varða framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, þ.e. endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna, með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi. Síðan fór formaður yfir önnur verkefni og þverfaglegt samstarf á vettvangi SSH.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagáætlun SSH fyrir árið 2020. Tekjuhækkun er áætluð til að koma á móts við hækkun á rekstrarkostnaði, sem tengist að stærstum hluta einu viðbótar stöðugildi á skrifstofu samtakanna. Árgjald sveitarfélaganna verði 105 kr. á íbúa. Áætlaður fjárhagslegur halli á árinu 2020 verður fjármagnaður með handbæru fé.

Til máls tekur Sigurbjörg Erla Egilsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi og leggur fram eftirfarandi tillögu. „*Til þess að auka gegnsæi leggur undirrituð til að fundargerðir stjórnar SSH og eigendavettvangs ásamt fylgigögnum séu birtar opinberlega. Auk þess þarf að tryggja að fylgigögn séu birt með fundargerðum allra byggðasamlaga.*“

Til máls tekur Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Til máls tekur Alexandra Briem borgarfulltrúi.

Til máls tekur Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.

Til máls tekur Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Til máls tekur Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs.

Til máls tekur Guðmundur Geirdal bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Til máls tekur Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Til máls tekur Skúli Helgason borgarfulltrúi.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Til máls tekur Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Til máls tekur Páll Guðjónsson f.v. framkvæmdastjóri SSH.

Til máls tekur Bergljót Kristinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Til máls tekur Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.

Til máls tekur Alexandra Briem borgarfulltrúi.

Til máls tekur Karen Elísabet Halldórsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Lögð er fram tillaga stjórnar SSH um að árgjald sveitarfélaganna verði 105 kr. á íbúa á árinu 2020. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri leggur til að tillögu Sigurbjargar Erlu verði vísað til stjórnar SSH. Samþykkt samhljóða.



4. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins löggilts endurskoðanda.

Lögð er fram tillaga um að skoðunarmenn verði, Heiða Björg Hilmisdóttir Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason Garðabæ. Lagt er til að endurskoðandi verði KPMG endurskoðun.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál sem stjórn SSH eða einstök sveitarfélög óska eftir að tekin verði til umræðu á aðalfundi

Til máls tekur Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ og leggur fram eftirfarandi ályktun.

Framlag til sóknaráætlana landshlutasamtaka 2020-2024.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsir yfir furðu sinni með þá ráðstöfun ríkisins að fast framlag til Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins sé ekki það sama og hjá öðrum landshlutasamtökum. Aðalfundurinn telur eðlilegt og sanngjarnt að allir landshlutar fái sama grunnstuðning til verkefnisins, 60 millj. kr., en núverandi fjárlög gerir ráð fyrir því að það gildi um alla aðra landshluta en höfuðborgarsvæðið. Framlag til höfuðborgarsvæðisins er 25 millj. kr.

Samþykkt samhljóða.

6. Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Staðan og næstu skref.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri kynnir og fer yfir verkefni sáttmálans um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem undirritaður var 26. september 2019.

Til máls tekur Bergþóra Þorkelsdóttir vegamálastjóri.

Til máls tekur Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri og segir frá stöðu verkefnis um Borgarlínu.

Til máls tekur Ólafur Guðmundsson varaborgarfulltrúi.

Til máls tekur Alexandra Briem borgarfulltrúi.

Til máls tekur Björg Fengler bæjarfulltrúi í Garðabæ.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi leggur fram eftirfarandi bókun frá sér og Alexöndru Briem borgarfulltrúa Pírata: „*Mikilvægt er að útfærsla sérstakrar fjármögnunar í samkomulaginu verði opnari og aðgengilegri en samningaferlið var. Mestu máli skiptir að í þeirri útfærslu verði hvorki vegið að þeim tekjulægstu í samfélaginu né að friðhelgi einkalífs.*“

Til máls tekur Hrafnkell Proppé.

Til máls tekur Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

7. Fundarslit

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH þakkaði góðan fund og umræður.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:30.